

Alþingi
Erindi nr. P 131/468
komudagur 6.12.2004



Alþingi
Nefndasvið
bt. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 3. desember 2004

Tilvísun: Fvr 2004120006 IKHS

Efni: Frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 208 mál.

Óskað hefur verið eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins vegna frumvarps til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 208 mál.

Fornleifavernd ríkisins fagnar frumvarpinu og þeirri breytingu í 2. mgr. laganna að forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins komi inn sem fulltrúi í kirkjugarðaráði, enda var sú breyting gerð með þjóðminjalögum nr. 107/2001 að stjórnslá varðandi málefni fornra kirkjugarða og minningarmarka í kirkjugörðum fluttist frá Þjóðminjasafni Íslands yfir til Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins vill hér nota tækifærið til að vekja athygli háttvirts Alþingis á ýmsum atriðum í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, sem ekki hefur verið breytt og sem ekki fara alveg saman við nágildandi þjóðminjalög. Er það von Fornleifaverndar ríkisins að unnt sé að lagfæra viðkomandi liði.

Í V. kafla 16.gr. laga nr. 36/1993 er fjallað um ákvarðanir um nýja kirkjugarða eða stækkun eldri kirkjugarða. Þar segir í þriðju málsgrein: *Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar 2) og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi.*

Fornleifavernd ríkisins vill vekja athygli á nauðsyn þess að leitað verði umsagnar stofnunarinnar. Sú staða hefur komið upp á undanförunum árum að kirkjugarðar hafa verið stækkaðir án vitundar Fornleifaverndar og að fornar minjar hafi lent innan stækkaðs kirkjugarðs og að grafið hafi verið í minjarnar. Stofnunin telur því nauðsynlegt að leitað sé umsagnar hennar vegna slíkra framkvæmda.

Í VI kafla er fjallað um uppdrætti af kirkjugörðum og framkvæmdum við þá. Þar stendur m.a.: *Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim sem í notkun eru og hinum sem hætt er að nota en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa skal markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum sem menn vita*

deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði sem menn vita hverjir hvila undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári. Hér er vert að vekja athygli á að allar minjar eldri en 100 ára heyra undir stjórnsýslu Fornleifaverndar ríkisins. Þannig má ekki slétta kirkjugarða án samráðs við stofnunina.

Í 19. gr. er einnig rætt um sléttun garða. Hafa ber fyrrgreinda athugasemd í huga þar, að eigi má raska görðum eldri en 100 ára án samráðs við Fornleifaverndina (lög nr. 107/2001, 10.gr.). Varðandi 23. gr. sem kveður á um að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að ákveða að í tilteknum hluta kirkjugarðs þar sem jarðvegsdýpt leyfir, skuli grafa í tveimur dýptum vill Fornleifavernd ríkisins vekja athygli á að víða í görðunum eru byggingaleifar á þó nokkru dýpi og telur stofnunin því eðlilegt að kveðið sé á um að Fornleifaverndinni verði almennt gert viðvart ef minjar finnast í görðunum.

Í 26. gr. segir: *Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá vandamönnum viðvart áður ef kostur er og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest...Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum þar sem best þykir á fara að dómi prófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum sem eru eldri en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.*

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber hlutaðeigandi kirkjugarði að greiða.

Hér vill Fornleifaverndin vekja athygli á að með lögum nr. 107/2001 féll niður það hlutverk þjóðminjavarðar að hafa umsjón með legsteinum og á því orðið *forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins* að koma inn í stað þjóðminjavarðar.


Þá vekur Fornleifavernd ríkisins athygli á því að í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að auk kirkjugarða eldri en 100 ára fer Fornleifavernd ríkisins með stjórnsýslu minningarmarka eldri en 100 ára, og friðar bæði minningarmörkin og kirkjugarðana (9.gr.20-23. gr). Í þjóðminjalögum segir að enginn megi hylja, fjarlægja né breyta minjum nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Hér gætir því misræmis milli laganna, sem þyrfti að lagfæra.

Í 29. gr. er jafnframt ósamræmi sé höfð hliðsjón af þjóðminjalögum. Þar segir: *Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun ef þes er óskað. Heimilt er kirkjugarðsstjórn að friða leiði ef þar eru smekklegr minnismerki að mati hennar og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.* Hér þyrftu að vera samræming og einhvers konar vísanir á milli þjóðminja- og kirkjugarðalaga..

Þá vekur Fornleifavernd ríkisins athygli á 32.gr. laganna en þar segir *að hægt sé að breyta kirkjugarði í almenningsgarð og eins að hægt sé að slétta yfir niðurlagða kirkjugarða eða gamla grafreiti sem löngu er hætt að jarða í* . Hér gætir einnig ósamræmis við þjóðminjalög og það sama á við um 33. gr. En skv. þjóðminjalögum heyra niðurlagðir kirkjugarðar undir Fornleifavernd ríkisins. Í 33.gr. segir jafnframt að vandamenn eigi rétt á að halda við minnismerkjum i niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burtu þaðan. Þetta ákvæði er á skjön við þjóðminjalög. En eins og fyrr er nefnt heyra minnismerki 100 ára og eldri undir stjórnsýslu Fornleifaverndar ríkisins. Í 34. grein er jafnframt atriði sem er á skjön við þjóðminjalög en þar segir: *Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörslu getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað, sbr. 26. gr* .

35 og 36 greinar eru einnig í ósamræmi við þjóðminjalög. Sléttun á gömlum kirkjugarði á helst ekki að eiga sér stað, en sé hún óhjákvæmileg má telja eðlilegt að samráð sé haft við Fornleifavernd ríkisins. Má telja eðlilegt að Fornleifavernd ríkisins fái jafnframt skriflegar upplýsingar um skemmdir á aflögðum kirkjugörðum, sbr. 12. gr. þjóðminjalaga.

Virðingarfyllst



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður